

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 2003

Nr. 137

466

4. mars 2003

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks og skarkola á vetrarvertíð 2003.

Austursvæði (Stokksnes að 19° V).

1. gr.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af 19°00'V. Að utan markast svæðið af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

Frá og með 17. apríl til kl. 10.00 28. apríl markast ytri mörk svæðisins vestur um frá Stokksnesi af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt á 17°00'V. Þaðan í punkt 63°15'N og 17°00'V og síðan í punkt 63°05'N og 17°40'V og þaðan í réttvísandi 270° að 19°00'V.

Vestursvæði (19° V að Skor).

2. gr.

Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suðurog Vesturlandi á svæði sem að austan markast af 19°00'V og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skoravita.

Að utan markast svæðið frá 19°00 V vestur um af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að punkti 63°33'00 N og 20°27'00 V og þaðan í punkt 63°33'00 N og 20°50'00 V og þaðan í punkt 63°47'85 N - 21°16'00 V og þaðan af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins að Garðskaga.

Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu, sem dregin er um punkta í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

1. 270° frá Hjörsey
2. 180° frá Malarrifsvita
3. 270° frá Tröllakirkju
4. 270° frá Öndverðarnesvita
5. 360° frá Öndverðarnesvita
6. 360° frá Töskuvita við Rif
7. 250° frá Skoravita

Frá og með 12. apríl til kl. 10.00 21. apríl markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er vestur um milli eftirgreinda punkta:

1. 63°05'00 N – 19°00'00 V
2. 63°05'38 N – 24°18'54 V
3. 63°35'06 N – 23°13'06 V
4. 63°36'72 N – 23°22'84 V
5. 63°39'65 N – 23°28'55 V
6. 64°43'72 N – 24°12'83 V
7. 64°43'72 N – 24°25'57 V

og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skor.

Önnur friðunarsvæði þorsks.

3. gr.

Frá kl. 10.00 15. apríl til kl. 10.00 30. apríl eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

- A. Á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er frá Galtarvita í Straumnesvita.
- B. Frá Hornbjargsvita austur um að Stokksnesi innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins.
- C. Innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grímseyjar.

Skarkolasvæði.

4. gr.

Auk ofangreindra veiðibanna eru á tímabilinu 1. til 30. apríl að báðum dögum meðtöldum allar veiðar með botnvörpu, dragnót og kolanetum bannaðar á eftirgreindum svæðum:

A. Selvogsbanki:

1. 63°40'00 N – 21°00'00 V
2. 63°31'00 N – 20°10'00 V
3. 63°22'00 N – 20°30'00 V
4. 63°20'00 N – 20°50'00 V

B. Hafnarleir:

1. 64°05'00 N – 23°15'00 V
2. 64°05'00 N – 22°54'00 V
3. 63°50'00 N – 22°53'00 V
4. 63°50'00 N – 22°57'00 V
5. 64°00'00 N – 23°20'00 V

C. Breiðafjörður:

1. 65°16'00 N – 23°27'00 V
2. 65°10'00 N – 23°27'00 V
3. 65°00'00 N – 24°20'00 V
4. 65°05'00 N – 24°37'00 V

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-4. gr. eru veiðar á grásleppu, innfjarðarækju, hörpudiski, ígulkerum, beitukóngi og kúfiski heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins. Ennfremur veiðar sem leyfðar kunna að verða á grundvelli 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 365, 15. maí 2002, um þorskfisknet.

1. gr.

Við 2. gr. bætast tveir málslíðir er orðist svo: Frá og með 1. apríl 2003 er óheimilt að nota til veiða þorskfisknet með stærri möskva en 9 þumlungar (228,6 mm). Eftir 1. janúar 2004 er óheimilt að nota til veiða þorskfisknet með stærri möskva en 7 1/2 þumlungur (190,5 mm).

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 4. mars 2003.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.